

Fundur íbúaráðs Miðborgar og Hlíða 27. október 2020. Ályktunartillaga íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um átak til að stuðla bættri umgengni viðskiptavina hjólaleiga:

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða óskar eftir að umhverfis- og skipulagssvið útfæri átak í samráði við hjólaleigur til þess að fá hjólaleigjendur til þess að ganga vel frá hjólunum annars staðar en í vegi fyrir öðrum vegfarendum. Deilihjól/hlaupahjól eru stundum skilin eftir á miðjum gangstéttum og stígum í miðborg og í Hlíðum. Það skapar óþægindi og jafnvel hættu fyrir aðra vegfarendur t.d. fólk með barnavagn, fólk með skerta sjón eða fólk í hjólastól.

Nauðsynlegt er fyrir borgaryfirvöld að bregðast við þessari þróun, öllum vegfarendum til hagsbóta.